



SAS1A05 – Samskipti og samstarf - DR

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Marín Björk Jónasdóttir

Netfang/netföng:

marin.jonasdottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er áherslan á ólík samskiptamynstur, mismunandi framkomu fólks og hvernig það tengist líðan og árangri í lífi og starfi. Þá er stefnt að því að nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð í samskiptum og hvaða áhrif framkoma annarra hefur á þá. Unnið er markvisst að því að efla samskiptafærni nemenda og tekin fyrir atriði eins og eigin hugsanir, formleg og óformleg samskipti, virk hlustun, tjáskipti, hrós, gagnrýni og að leysa ágreining. Nemendur læra aðferðir til að átta sig á eigin styrkleikum og annarra þegar þeir vinna í hóp. Þeir hljóta þjálfun í aðferðum til að efla með sér þá þætti sem stuðla að uppbyggilegum persónulegum og faglegum samskiptum. – Mikil krafa er gerð um virkni nemenda í tímum og heimavinnu

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi skal í lok annar

- átta sig á ólíkum samskiptaformum
- þekkja samhengi milli sjálftrausts og framkomu og áhrif þessara þátta í samskiptum við aðra
- þekkja hvernig hægt er að efla sjálfstraustið og sjálfsábyrgðina í tengslum við eigin líðan
- kunna að beita virkri hlustun
- átta sig á eigin styrkleikum og veikleikum í samskiptum
- þekkja einkenni eineltis og leiðir til að koma í veg fyrir það
- þekkja undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig er hægt að forðast misskilning
- hafa öðlast leikni í að sýna fram á gildi lausnamiðaðra samskipta og mikilvægi sveigjanleika, virðingar og aðlögunarhæfni í starfi
- geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem nemandi hefur aflað sér til að ná góðum árangri með ólíkri nálgun í samskiptum við einstaklinga með mismunandi þarfir

Námsmat:

Verklegar og skriflegar æfingar – tímavinna og heimavinna - 50%

Munnleg könnun 25%

Þátttaka og virkni í tímum 25%

Námsgögn:

Lífsreglurnar fjórar – Miguel Ruiz

Efni frá kennara, m.a. tilvísun í ýmsar bækur, sem mælt er með að nemendur kaupi,

en einnig er hægt að fá þær að láni í bókasöfnum. – Lesefni hverrar viku koma fram á Innu undir liðnum EFNI

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skila verður **öllum** námsmatsspáttum til að ljúka áfanganum

Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að skilafrestur rennur út

Nemendur þurfa að hafa aðgang að tölvu og geta verið í hljóði og mynd ef óskað er

Vik a	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	6.-10 jan.	LOTA 1- Kynning á áfanganum og hugleiðingur um væntingar	Verkefni
2	11.-17. jan.	Hugsanir – framkoma	
3	18.-24. jan.	Í sátt og samlyndi - Samskiptatækni	Verkefni
4	25.-31. jan.	Markmiðasetning	Verkefni
5	1.-7. feb.	Hugsanir, boðnar og óboðnar viðhorf ofl.	Verkefni
6	8.-14. feb.	Sjálfttraust – sjálfstýrkur – Sjálfs.....	Verkefni/ Skóhlífadagar
7	15.-21. feb.	Meðvirkni	Verkefni/ Varða I
8	23.-28. feb.	Táknræn samskipti	Vorhlé
9	1.-7. mars	LOTA 2 - Hópastarf – styrkleikar og veikleikar Belbin/ Svót/ Vandamálagreining	Verkefni
10	8.-14. mars	Táknræn samskipti	Verkefni
11	15.-21. mars	Lífsreglurnar fjórar	
12	22.-28. mars	Lífsreglurnar fjórar	Verkefni / Varða II
13	29.mars- 7. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-11. apríl	Allskonar samskipti skoðuð og greind –bíómynd	Verkefni
15	12.-18. apríl	Félagsleg samskipti – Tilfinningagreind	
16	19.-25. apríl	Félagsleg samskipti – Tilfinningagreind	Verkefni
17	26.apríl – 2 maí	Upprifjun á efni	
18	3.-9. maí	LOTA 3 - Munnleg könnun og fleira skemmtilegt	Kennslu lýkur
19	10.-16. maí		

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.